

Rektor Stefán B. Sigurðsson setti fund kl. 12.40.

Mættir voru auk hans:

Sveinn Arnarsson fulltrúi nemenda

Kristín Ástgeirsdóttir fulltrúi menntamálaráðherra, fór af fundinum kl. 14.30

Svanfríður Jónasdóttir fulltrúi háskólaráðs, fór af fundinum kl.15

Jóna Jónsdóttir varafulltrúi háskólaráðs

Birna María Svanbjörnsdóttir fulltrúi starfsmanna

Hjörleifur Einarsson fulltrúi starfsmanna

Aðrir mættir:

Guðrún María Kristinsdóttir ritari rektors

Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri

Úlfar Hauksson forstöðumaður

Gestir:

Ásta Bjarnadóttir starfsmaður Verkefnisstjórnar um samstarf opinberu háskólanna, undir liðum 1 og 2.

---

Rektor bauð fundarmenn velkomna, sérstaklega Ástu Bjarnadóttur starfsmann Verkefnisstjórnar um samstarf opinberu háskólanna. Kynnti hann dagskrá og gat þess að forgangsraða þyrfti dagskrárliðum með tilliti til fundartíma.

## 1. Fundargerðir 297. og 298. funda

1003033, 1003034

Fundargerðirnar voru bornar upp og samþykktar.

## 2. Verkefnisstjórn um samstarf opinberu háskólanna

Rektor greindi í stuttu máli frá aðdraganda þess að opinberu háskólarnir vinna nú markvisst að auknu samstarfi sín á milli. Sagði hann frá fundi sem hann hélt nýverið með starfsfólki HA til að útskýra gang verkefnisins, og sýndi glærur frá fundinum.

Unnið er að tillögum að auknu samstarfi á fjórum sviðum. Gengið er út frá hagsmunum nemenda. Eitt aðalmarkmiðið er að það verði auðveldara fyrir þá að sækja nám milli háskólanna og þá einkum í framhaldsnámi.

Rektor lagði áherslu á að þetta samstarf myndi ekki ógna sjálfstæði HA heldur ætti fremur að styrkja það.

Ásta gerði grein fyrir þeim fjórum sviðum sem unnið er á og helstu áherslum:

- Gæðakerfi akademískra starfsmanna og rannsókna  
Unnið er að sameiginlegu matskerfi fyrir alla opinberu háskólana
- Gæðakerfi nemenda og kennslu  
Stefnt er að stofnun einingar sem þjónustar og styður við kennslu í öllum háskólunum
- Upplýsingakerfi  
Stefnt er að sameiginlegu, varanlegu og öruggu upplýsingakerfi fyrir alla háskólana, (Uglunni)

- Stoðþjónusta og stjórnsýsla  
Unnið er að styrkingu fimm sameiginlegra þjónustueininga:  
-gagnagrunnsins (Uglunnar)  
-stofnun miðstöðvar framhaldsnáms (sérstaklega fyrir doktorsnám)  
-stofnun sameiginlegrar kennslumiðstöðvar  
-stofnun sameiginlegs vísindasviðs (umsjón með sameiginlegu matskerfi)  
-samræmdri skjalavörslu.

Ásta sýndi heimasíðu verkefnisstjórnarinnar sem gerð verður opinber þegar hún hefur hitt háskólaráð allra fjögurra háskólanna. Varðandi samstarf um námsframboð sagði hún að allar tegundir samstarfs væru til skoðunar, frá einu og einu námskeiði til sameiginlegra prófgráða.

Háskólaráðsfulltrúar lýstu ánægju með því að tekin væru ákveðin skref í átt til aukins samstarfs opinberu háskólanna. Samþykkti háskólaráð að unnið yrði að málinu áfram í þessum dúr.

Rektor lagði áherslu á að upplýsingum yrði miðlað reglulega. Rætt var um að upplýsa nemendur og stjórnendur framhaldsskólanna um ferlið, til að styrkja tengsl milli skólastiganna.

Rektor og háskólaráð þakkaði Ástu fyrir og fór hún af fundinum.

### 3. Rekstraráætlun 2011

1102016

Ólafur greindi frá að með mjög miklu aðhaldi tókst að starfrækja háskólann innan áætlunar síðasta ár.

Háskólaráðsfulltrúar lýstu ánægju sinni með jákvæða útkomu ársins 2010 og töldu að starfsfólk ætti þakkar skildar fyrir þeirra þátttöku í sparnaðaraðgerðum.

Úlfar sagði frá helstu forsendum rekstraráætlunar 2011. Áætlunin byggir á áætluðu námsframboði fræðasviðanna og áætluðum nemendafjölda. Áætlanir stoðdeilda byggja á núverandi verkefnum og starfsmannafjölda að tekju tilliti til breytinga sem þegar hafa verið ákvarðaðar.

Tekjusamdráttur verður rúmar 80 kr., þar munar mestu að framlag úr ríkissjóði lækkar um ca. 75 mkr. frá árinu 2010. Aðrar helstu forsendur eru:

- Ekki er gert ráð fyrir launahækkunum á árinu
- Reiknað er með allt að 3.5% verðlagshækkunum á tilteknum gjöldum
- 20 mkr. verður ekki ráðstafað að sinni
- Gert er ráð fyrir 10 mkr. rekstrarafgangi
- Fyllsta aðhalds skal gætt, forðast ber öll útgjöld sem mögulegt er að komast hjá og sviðum og stofnunum ber að halda sig innan fjárhagsramma.

Úlfar útskýrði lið fyrir lið samandregna rekstraráætlun sem sýnir sparnað upp á 80.401.035 mkr.

Háskólaráð samþykkti rekstraráætlun 2011 með þeim fyrirvara að hún verði endurskoðuð um mitt árið.

Umræða varð um mikilvægi rannsóknamissera og voru fundarmenn sammála um að koma þeim á að nýju. Vonir standa til að árið 2011 sé síðasta árið sem háskólinn sætir niðurskurði á opinberu framlagi.

Rætt var um hvernig unnt væri að ná niður húsnæðiskostnaði vegna aðstöðu á Borgum.

Umræða varð um hvernig markaðssetja á háskólann. Ýmsir punktar komu þar fram, s.s. að nú verður gefinn út einn bæklingur fyrir háskólann í stað margra áður.

Rætt var um mikilvægi þess að námið sjálft og skólabragurinn „auglýsti“ háskólann. Nokkrir aðrir punktar voru nefndir, s.s. að heimasíðan væri eitt mikilvægasta markaðstækið. Einnig að greinaskrif og önnur umfjöllun kennara um ýmis málefni í fjölmiðlum vekti athygli á háskólastarfinu á áhrifaríkan hátt.

Rektor gat þess að nemendur og fræðasviðin yrðu virkjuð með markaðs- og kynningarfulltrúa.

**4. Reglur um námsmat**

1008064

Frestað.

**5. Dómnefndarálit, Kristinn P. Magnússon**

1010017

Frestað.

**6. Dómnefndarálit, Markus Meckl**

1009018

Frestað.

**7. Skipun í vefstjórn HA 2011-2013**

1101010

Frestað.

**8. Breytt námsframboð í auðlindadeild**

"[málsnúmer]"

Lögð var fram tillaga sem felur í sér að áfram verði boðið upp á þrjár námslínur í auðlindafræðum. Í fyrsta lagi 180 ECTS nám til BS gráðu í sjávarútvegsfræði, í öðru lagi 180 ECTS nám til BS gráðu í líftækni og í þriðja lagi 120 ECTS nám til diplómaprófs í hagnýtum náttúru- og lífvísindum. Ekki verður tekið inn í umhverfis- og orkufræði haustið 2011 en þeim nemendum sem eru á þeirri línu verður gert kleift að ljúka sínu námi.

Fyrstu tvö árin á öllum þrem línunum eru að stærstum hluta samkennd námskeið og kemur því sérhæfingin einkum á þriðja ár. Að loknu diplómanámi hefur nemandi kost á að ljúka BS námi í fiskeldisfræði í samstarfi við Háskólann á Hólum eða sækja um við annan háskóla til að ljúka BS námi.

Unnið verði að því af hálfu HA að auka þá valmöguleika sem nemendur með diplómapróf hafa til að ljúka sérhæfðu BS námi við HA/HH, m.a. á sviðum tengdum norðurslóðafræðum

Háskólaráð samþykkti að unnið skyldi samkvæmt þessum tillögum og að þær verði þróaðar enn frekar til að styrkja auðlindafræðin.

## 9. Önnur mál

Ákveðið var að halda háskólaráðsfund aftur eins fljótt og auðið væri til að ljúka þeim málum sem frestað var.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16.00